

STJÓRNARTÍÐINDI B 78 – 2001

31. júlí 2001

1523

Nr. 600

GJALDSKRÁ

fyrir leyfi til sölu tóbaks og eftirlit skv. tóbaksvarnarlögum í Reykjavík.

1. gr.

Af starfsemi sem háð er leyfi eða eftirliti heilbrigðisnefndar Reykjavíkur, samkvæmt lögum nr. 74/1984 sbr. lög nr. 101/1996 og lög nr. 95/2001 um tóbaksvarnir og reglugerðum settum með stoð í þeim, skal borgarstjórn Reykjavíkur innheimta gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari.

2. gr.

Fyrir eftirlit skv. 17. gr. tóbaksvarnarlaga, sem ekki fer fram samhliða reglulegu eftirliti skv. lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir skal borgarstjórn innheimta gjald fyrir hverja eftirlitsferð sem hér segir:

Tóbaksvarnareftirlit kr. 12.250.

Tímagjald þjónustuverkefna kr. 4.900.

3. gr.

Af leyfisskyldri starfsemi skv. 9. mgr. 8. gr. tóbaksvarnarlaga skal borgarstjórn innheimta gjald fyrir gerð tóbakssöluleyfis eins og hér segir:

Tóbakssöluleyfi kr. 12.250.

Við endurnýjun tóbakssöluleyfis eða við eigendaskipti greiðast kr. 7.350.

4. gr.

Fyrir undanþágu til sölu tóbaks skv. 7. mgr. 8. gr. tóbaksvarnarlaga skal borgarstjórn innheimta kr. 7.350.

5. gr.

Gjald fyrir þjónustuverkefni greiðist samkvæmt reikningi.

6. gr.

Innheimtudeild Reykjavíkurborgar annast innheimtu gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari og fyrir þjónustuverkefni.

Um innheimtu gjalda fer samkvæmt 12. og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Gjöld samkvæmt gjaldskránni má innheimta með fjárnámi.

7. gr.

Gjalddagi eftirlitsgjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er útgáfudagur reiknings og eindagi 30 dögum síðar. Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga.

Greiðsla gjalda fyrir leyfi og undanþágur skv. gjaldskrá þessari skal fylgja umsókn um leyfi og undanþágu.

8. gr.

Innheimt gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu renna til reksturs Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.

9. gr.

Gjaldskrá þessi, sem samin er með heimild í 8. gr. tóbaksvarnarlaga nr. 74/1984 með síðari breytingum, sbr. 3. mgr. 12. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir með síðari breytingum og samþykkt af borgarráði Reykjavíkur í umboði borgarstjórnar Reykjavíkur, sbr. 2. ml. 1. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 26. gr. samþykktar um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 60/1985 með síðari breytingum, öðlast gildi við birtingu.

Reykjavík, 31. júlí 2001.

Borgarstjórinn í Reykjavík,

Hjörleifur B. Kvaran e.u.